

## AUGLÝSING

### um óverulega breytingu deiliskipulags ferðaþjónustubýlis að Lýsudal, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulagslögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 11. júní 2014 óverulega breytingu deiliskipulags ferðaþjónustubýlis að Lýsudal.

Með deiliskipulagstillögunni er fyrirhugað að reisa eitt hús í stað fjögurra smáhýsa og þar verða 12 tveggja manna herbergi. Ekki er gert ráð fyrir fleiri gistirýmum en fyrirhuguð voru í smáhýsunum. Aðalhús stækkar lítillega, en leiðir ekki til fjölgunar herbergja. Útlínur byggingarreita verða óbreyttar.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 21. júlí 2014.*

**Smári Björnsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. ágúst 2014